


Framkvæmdarleyfisumsókn vegna skógræktar á Hóli 1 í Hörðudal.

Dalirnir heilla ehf. kt. 500317-1160, óska hér með eftir framkvæmdarleyfi fyrir kolefnisskógrækt á jörðinni Hóli 1 land nr. 137935 í Hörðudal í Dalabyggð. Fyrirhugað skógræktarsvæði er 199 hektarar af stærð og allt undir 300 metrum yfir sjó. Meginmarkmið skógræktarinnar er að binda kolefni og verður það vottað sem slíkt af vottunarstofu. Þá er gert ráð fyrir að skógurinn verði opinn og hægt verði að nýta hann til útvistar. Skógræktaráformin falla vel að aðalskipulagi Dalabyggðar. Búið er að gera fornleifa skráningu á jörðinni, Bjarni F. Einarsson framkvæmdi hana 2018. Við útlitshönnun skógarins verður leitast við að laga skóginneins vel að landinu og kostur er. Fyrirhugað Skógræktarsvæði er 199 ha og liggur úr Hörðudal um Hólskarð, meðfram Múlahorni og í átt að Skraumu. Allt skógræktarsvæðið er undir 300 metra hæð yfir sjó. Á jörðinni er fyrir 199 ha skógræktarsvæði með samning við Skógræktina. Skógræktarsvæðið sem hér er fjallað um liggur meðfram því svæði að hluta en í 100 metra fjarlægð. Þetta er gert meðal annars með varnir gegn gróðureldum í huga. Land innan svæðis er afar hentugt til skógræktar og liggur stór hluti af svæðinu vel á móti suðri. Svæðið skiptist m.a. í grasi grónin svæði, lyngmóa og mosagróna mela. Hluti svæðisins fer upp í hlíðar Hólsfjalls en þar fyrir ofan kletta eru grasi grónir balar sem eru ákjósanlegir til skógræktar. Klettabelti og töluberður bratti er upp að þessum stöllum eða bölum og verður ekki plantað í þann hluta. Fundin verður leið sunnarlega á svæðinu til að komast upp á stallinn, þar er minni bratti. Votlendi er nálægt Skraumu en það verður tekið út og ekki verður plantað í það. Vegslóði liggur í gegnum landið og verður hann nýttur sem vinnuslóði. Trjátegundir sem henta í slíka skógrækt þurfa að binda mikið kolefni þær tegundir sem henta hér best eru fura, lerki, greni og ösp. Birki bindur lítið kolefni en það má nýta það í jaðra til að mykja ásýnd skógarins.

Hóli, 15. apríl 2023


Fran Jezorski
Franz Jezorski, hdl. og skógarbóndi.

Meðfylgjandi eru yfirlitsmyndir til skýringa.